



Fundur háskólaráðs 6. desember 2007

Fundargerð

Málsnúmer: HI07010035
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 30.11.2007
Dags: 06.12.2007

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands (690169-2039)
Aðalbyggingu v/Suðurgötu
101 Reykjavík
Sími: 525 4000
Fax: 552 1331

17/2007

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2007, fimmtudaginn 6. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 10.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Guðmundur Jónsson (varamaður Birnu Arnbjörnsdóttur), Erna Kristín Blöndal, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Rúnar Vilhjálmsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þórdís Kristmundsdóttir og Þórir Hrafn Gunnarsson. Fundargerð ritaði Halldór Jónsson.

Umfjöllun um fundargerð frá 15. nóvember var frestað til loka fundarins.

1. Mál á dagskrá

1.1 Fjármál Háskóla Íslands. Framhald frá síðasta fundi.

Inn á fundinn komu þeir Jón Atli Benediktsson, formaður starfshóps háskólaráðs um skiptingu viðbótarfjár samkvæmt samningi við menntamálaráðuneytið, Guðmundur R. Jónsson, sviðsstjóri framkvæmda- og tæknisviðs og formaður fjármálanefndar og Sigurður J. Hafsteinsson, sviðsstjóri fjármálasviðs.

Jón Atli Benediktsson gerði grein fyrir þeim breytingum sem starfshópur um skiptingu viðbótarfjár hefur gert á tillögum sínum í ljósi framkominna athugasemda frá deildarforsetum og fulltrúum í háskólaráði. Greindi Jón Atli frá því að í framhaldinu muni starfshópurinn vinna tillögur fyrir árin 2009 til 2011. Fram kom ánægja með lokatillögur starfshópsins og vinnubrögð hans.

Guðmundur R. Jónsson gerði grein fyrir framlögðum gögnum frá fjármálanefnd, þ.e. yfirliti um þreyttar einingar skólaárið 2006-2007, töflu um fjárhagsleg samskipti deilda vegna þjónustukennslu, töflu um forsendur skiptingar fjár samkvæmt eldra deililíkani, töflu um skiptingu fjár samkvæmt rannsóknalíkani fyrir árið 2008, vinnutöflu sem sýnir niðurstöðu skiptingar samkvæmt eldra deililíkani fyrir árið 2008, drög að nýju deililíkani, og að lokum tvær töflur sem sýna hvernig skiptingin getur orðið ef heimadeild heldur eftir 10% fjárveitinga vegna þreyttra eininga þegar um þjónustukennslu er að ræða. Málið var rætt ítarlega. Fram kom ánægja með vinnu fjármálanefndar að nýju deililíkani. Tillagan felur greinilega í sér einfaldara og skýrara deililíkan. Fram komu ýmsar athugasemdir og ábendingar og var fjármálanefnd falið að hafa hliðsjón af þeim við undirbúning lokatillagna fyrir næsta fund. Þeir Sigurður og Guðmundur svöruðu framkomnum spurningum og athugasemdum.

Rektor þakkaði fjármálanefnd og starfshópi um skiptingu viðbótarfjár fyrir þeirra vinnu.

– Afgreiðslu frestað.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Tilnefning fulltrúa háskólaráðs í dómnefnd um akademískar nafnbætur, sbr. samstarfssamning Háskóla Íslands og Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Rektor skipar til þriggja ára í senn sjö manna dómnefnd til að meta hæfi umsækjenda. Fjórir dómnefndarmanna eru tilnefndir af heilbrigðisvísindadeildum, einn af háskólaráði og einn af menntamálaráðherra. Einn dómnefndarmanna skipar rektor án tilnefningar og er hann jafnframt formaður dómnefndarinnar. Tilnefndir hafa verið eftirtaldir fulltrúar heilbrigðisvísindadeilda 2007-2010:

Bjarni Þjóðleifsson prófessor og Þórður Harðarson prófessor, tilnefndir af læknadeild, Herdís Sveinsdóttir prófessor, tilnefnd af hjúkrunarfræðideild, Sveinbjörn Gizurarson prófessor, tilnefndur af lyfjafræðideild, Sigurður Ingvarsson, forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, tilnefndur af háskólaráði og Jórunn Erla Eyfjörð prófessor, tilnefnd af rektor, formaður.

Lagt er til að rektor skipi nefndina þegar tilnefning menntamálaráðherra liggur fyrir.
– Samþykkt einróma.

2.2 Erindi frá nemanda í viðskipta- og hagfræðideild vegna glataðra prófurlausna, sbr. síðasta fund.

Helgi Þorbergsson, fulltrúi raunvísindasviðs, gerði grein fyrir málinu f.h. millifundarnefndar háskólaráðs sem á síðasta fundi var falið að fara yfir málið og undirbúa afgreiðslu þess. Auk Helga sátu í nefndinni Rúnar Vilhjálmsson, fulltrúi Félags háskólakennara og Félags prófessora og Þórir Hrafn Gunnarsson, fulltrúi stúdenta. Í greinargerð nefndarinnar er atburðarásin rakin og staðfest að málið megi rekja til bilunar í hugbúnaði. Helgi ítrekaði að nýtt fyrirkomulag prófahalds, sem prófstjóri Háskólans hefur þegar kynnt, ætti að koma í veg fyrir að atvik sem þetta endurtaki sig. Niðurstaða nefndarinnar er að ekki sé unnt að gefa viðkomandi stúdent einkunn á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Þess vegna er því beint til viðskipta- og hagfræðideildar að hafa samráð við stúdentinn um leið til að meta námið. Málið var rætt ítarlega.

– Tillaga millifundarnefndar háskólaráðs samþykkt einróma og því jafnframt beint til kennslusviðs að móta reglur um það með hvaða hætti bregðast skuli við í tilfellum sem þessum.

3. Önnur mál

3.1 Fundargerð síðasta fundar.

Rektor greindi frá athugasemdum Rúnars Vilhjálmssonar við fyrri fundargerðir. Málið var rætt. Halldóri Jónssyni og Þórði Kristinssyni var falið að leiða málið til lykta með Rúnari.

3.2 Vígsla Háskólatorgs, Traðar og Gimlis.

Í lok fundarins ræddi rektor afar vel heppnaða vígsluhátið Háskólatorgs, Traðar og Gimlis 1. desember sl. Háskólaráð lýsti mikilli ánægju með athöfnina og þakkar sérstaklega Björk Hákansson, sem hafði veg og vanda að skipulagi og undirbúningi vígsluhátíðarinnar. Einnig vill ráðið þakka þeim fjölmörgu starfsmönnum og stúdentum Háskólans sem brugðust fljótt og vel við beiðni um aðstoð við lokafrágang Háskólatorgs og tengdra bygginga fyrir vígsluathöfnina.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 12.10